

Í stað útivistarsvæðis, skal hér eftir gert ráð fyrir 1--2½ hæða íbúðabyggð á þessum reit.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ OG GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Búlandshrepps, Djúpavogi.

1. gr.

Vatnsveita Búlandshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Búlandshreppi.

2. gr.

Til að annast framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur svo og umsjón með eignum vatnsveitunnar kýs hreppsnefnd vatnsveitunefnd, sem skipuð skal þrem mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil vatnsveitunefndar er hið sama og hreppsnefndar þeirrar er hana kýs.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært er. Að húsvegg allra þeirra húsa á Djúpavogi, sem fullgerð eru eða hafin var smíði á fyrir 1. nóvember 1967 leggur vatnsveitan vatnsæðar frá aðalæðum á sinn kostnað. Eigendur þeirra húsa, sem hafin var smíði á frá og með 1. nóvember 1967 greiði sjálfir allan kostnað við lagnir að húsum sínum frá aðalæðum.

4. gr.

Hver sá sem vill fá vatnsæð frá vatnsveitu Búlandshrepps skal senda um það skriflega umsókn til vatnsveitunefndar. Vatnsveitunefnd eða starfsmaður hennar sér um tengingu nýrra vatnsæða.

5. gr.

Skýlt er þeim er vatn kaupir að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að eða aðrar bilanir, sem verða á þeim og skal hann sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í þeim. Eigi má setja aflvél í samband við vatnsveituna, nema samþykki vatnsveitunefndar liggi fyrir, og þá með þeim útbúnaði er hún samþykkir.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt skal greiða þó slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn til þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja viðgerðir á lögnum sínum og hafa þær þannig, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

8. gr.

Skylt er landeiganda að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggjum hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningu mælitækja í húsum og á bryggjum sínum í þessu skyni samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt er ráð er fyrir gert í reglugerð þessari, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna eða önnur mannvirki, svo sem vatnsból, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati dómkvaddra manna og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera það á hans kostnað.

13. gr.

Fyrir hvert hús eða aðra fasteign, sem tengd er við vatnsveituna, greiðist sérstakt stofngjald. Stofngjald fyrir íbúðarhús er kr. 10 000.00 allt að 2 000 m³ stærð og kr. 8.00 fyrir hvern m³ þar umfram þá stærð, stofngjald fyrir aðrar byggingar og fasteignir er kr. 16 000.00 allt að 2 000 m³ stærð og kr. 8.00 fyrir hvern m³ umfram. Stofngjald skal greiðast áður en tenging við vatnsveitu fer fram.

14. gr.

Af öllum húsum og öðru er tengt er vatnsveitunni, greiðist árlega vatnsskattur. Vatnsskattur skal vera 0.2% af fasteignamatsverði viðkomandi fasteignar og tilheyrandi lóðar, þó aldrei lægri en kr. 2 500.00 af hverri íbúð.

15. gr.

Vatnsnotkun til iðnaðar og annars, greiði notandi sérstaklega auk vatnsskatts, sem hér segir:

- | | |
|--|----------|
| 1. Af hverri saltaðri tunnu síldar | kr. 6.00 |
| 2. Af hverri smálest fiskjar í bræðslu | — 6.00 |
| 3. Fyrir hvern sláturgrip | — 6.00 |
| 4. Fyrir hverja smálest fiskjar til frystingar eða söltunar | — 18.00 |
| 5. Veitingahús greiði árlega aukagjald er nemi vatnsskatti sbr. 14. gr. | |
| 6. Gjald fyrir önnur vatnsnot hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða í samráði við hreppsnefnd. | |

16. gr.

Heimilt er að selja vatn eftir mæli, sem vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar svo og kostnað við uppsetningu hans og viðhald. Sé vatn selt eftir mæli skal greiða kr. 7.00 fyrir hverja smálest. Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 1 500.00 hverju sinni. Bátar er heimahöfn eiga á Djúpvogi minni en 300 t. greiði vatnsskatt einu sinni á ári kr. 1 500.00.

17. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggja við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari er hreppsnefnd Búlandshrepps heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Búlandshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 197/1967 fyrir Vatnsveitu Búlandshrepps.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 445.

17. september 1975.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og hreppsnefnd Mosfellshrepps ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Seltjarnarneskaupstaðar og Mosfellshrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 200 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.